

únitara séum fáir, mundu hafa litla ánægju af útkomunni, ef þeir bæru sjálfa sig saman við Buddhatrúarmenn. Aðalatriðið er, að vera vissir um, að vér höfum sannleikann, og ef vér höfum þá trú, að mannkynið muni að síðustu læra að fylgja sannleikanum, þá megum vér vera vissir um, að á síðari tímum verður litið á vörn smáa hóp með mikilli virðingu. Vinur minn einn, sem ekki er únitari, sagði einu sinni við mig, að únitara væru brautryðjendur í trúarbrögðum. Og hver mundi ekki vilja vera brautryðjandi? Mér fanst liggja í orðum vinar míns öfundar-blandin löngun til að ryðja braut í andlegum skilningi. Hið merkilega er, að í andlegum efnum, svo sem listum, vísindum og trúarbrögðum eru það brautryðjandinn og flokkur hans að eins, sem mikils eru virtir á síðan, þegar litið er til baka, þá eru allir nema þeir skoðaðir sem eftirstöðvar eldri tíma, sem mál-svarar gamalla skoðana. Hin nýja andlega hugsjón brautryðjandans er skoðuð sem tákn tímans og hin ráðandi stefna, vegna þess hún var ný hreifing á framfarabraut mannkynsins, er afmarkaði sinn tíma frá hinu eldra.

Mr. Claude Phillips hefir nýlega sagt, að það sem mest hafi einkent níttjándu öldina hafi verið ný sannleiks hugsjón, dæmikið í ótraudri einlægni og óeigingjarnri samhygð. Þetta letur líkt í eyrum og að hann væri að tala um trú únitara með sínu einlægu og ótraudu afneitun allra fjötrandi erfðakenninga og sína veglegu mannúð í siðferðismálum. Ef til vill getum vér þá hrósað oss af því að únitara trúin, þrátt fyrir fáa fylgjendur, hafi verið stefna sú, er mest einkendi trúarlíf níttjándu aldarinnar. Það er því meiri ástæða til að vitna til þessa menningarfræðings, þar sem hann segir seinna að liðna öldin hafi verið eftirtektaverð fyrir maundómsdyrkun sína og óþreytandi tilraun til að finna í manningum, hversu bágborið sem ásigkomulag hans kann að hafa verið, ímynd hinnar hæstu tilveru. Þar vissulega höfum vér hina háfleygu hugmynd Channings um göfugleik manneðlisins. Þar vissulega höfum vér hina únitarsku afneitun gömlu kenningarinnar um gjörspilt eðli mannsálarinnar og algjört vonleysi ástand nema fyrir utan að komandi guðdómlega náð, sem framkvæmdi á sálunni hið svokallaða